

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Deiliskipulag miðbæjar, Vesturvegur 6.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á 1623. fundi sínum 25. febrúar 2026 tillögu að breyttu deiliskipulagi miðbæjar Vestmannaeyja við Vesturveg 6. Tillagan var grenndarkynnt á tímabilinu 22. desember 2025 – 19. janúar 2026 skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Áður var gerð breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina sem tók gildi 13. maí 2025. Markmið fyrirbyggjandi breytingar er að uppfæra skipulagsskilmála fyrri breytingarinnar og færa byggingarmagn og hæðarkóta að fyrirbyggjandi raunmælingu byggingarinnar.

Gert er ráð fyrir að hæðarkótar íbúðarhúss og geymslu á lóð hækki og að byggingarreitur stækki til að steypdur stigi utan við húsið rúmist innan reitsins. Lóðarmörk milli Vesturvegs 4 og 6 færast til og gert er ráð fyrir bílastæði við vesturhlið Vesturvegs 4.

Annað í deiliskipulagi er óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 13. mars 2026.

F.h. Vestmannaeyjabæjar,
Dagný Hauksdóttir, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 17. mars 2026